



**Nefndasvið Alþingis**  
**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis**

Reykjavík, 22. mars 2023

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu og telur mikilvægt að til sé aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu.

Eins og annars staðar í samfélaginu þá finnst hatursorðræða einnig í íþróttahreyfingunni. Þar fer hún helst fram á samfélagsmiðlum en einnig á áhorfendapöllum og beinist að þátttakendum í íþróttastarfinu, iðkendum, þjálfurum og dómurum. Öll fræðsla í þessum málaflokki er því til bóta.

Samkvæmt lögum ÍSÍ þá er eitt af hlutverkum sambandsins að berjast gegn hvers kyns mismunun og ofbeldi í íþróttum, hvort sem um er að tefla mismunun vegna kynþáttar, trúarbragða, stjórnámálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar eða af öðrum toga.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands telur að árangursríkast sé að vinna gegn hatursorðræðu í íþróttahreyfingunni með stöðugri fræðslu, góðum hegðunarviðmiðum og jákvæðri karakteruppbyggingu. Einnig með því að skapa góða menningu í öllum einingum íþrótta-hreyfingarinnar og vinna að inngildingu. Leiðtogar og aðrar fyrirmyndir geta spilað stórt hlutverk í því að koma á framfæri jákvæðri menningu og tala gegn hatursorðræðu í samskiptum út á við.

ÍSÍ telur að íþróttahreyfingin geti verið gott afl í baráttunni gegn almennri hatursorðræðu ekki síður en hatursorðræðu í íþróttum. Hreyfingin er stór og hún hefur mikið uppeldislegt gildi og marga snertifleti við börn og ungmenni í landinu. Hatúr er áunnið/lært. Allir sem koma að uppeldi barna og ungmenna geta hafa áhrif á að útrýma hatursorðræðu.

Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

  
Andri Stefánsson  
framkvæmdastjóri

